

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1095

Dagsetning: 6. janúar 2026 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HP), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Ketill Berg Magnússon (KBM), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 16. desember 2025 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Fundir vikunnar

Umræður um fundi vikunnar hjá framkvæmdastjórn.

3. Aðsend erindi

Framkvæmdastjórn barst erindi frá nokkrum starfsmönnum Heimahjúkrunar vegna breytinga á skattlagningu eldsneytis og upptöku kílómetragjalds um áramót. KBM mun svara erindinu.

4. Húsnæðismál

Rætt var um vandamál tengt lyftu í Heilsugæslunni Firði og hvernig brugðist verður við þegar endurnýja þarf lyftuna í vor. Þá var fjallað um stöðu Heilsugæslunnar Miðbæ og verkefni öryggisvarðar. Einnig var rætt um stöðu Heilsugæslunnar Seltjarnarnesi og Vesturbæ. Húsnæði stöðvarinnar er of lítið fyrir þann fjölda skjólstaðinga sem sækir þangað þjónustu og brynt að leita leiða til að stækka stöðina.

5. Samfélagsmiðlastefna

Drög að stefnu um notkun HH á samfélagsmiðlum voru kynnt. Ákveðið var að fara yfir stefnuna og ræða aftur á næsta fundi. Einnig var rætt um tillögu um að HH noti samfélagsmiðilinn LinkedIn og farið yfir minnisblað frá BJ. Framkvæmdastjórn samþykkti tillöguna.

6. Breytingar á hlunnindum

Rætt var um endurskoðun á heilsueflingarstyrk, samgöngustyrk og farsímakostnaði. Ákveðið var að uppfæra upphæðir í samræmi við nýtt skattmat og breytingar á vísitölu og ræða aftur á næsta fundi.

7. Símsvörun á skrifstofu

Rætt var um breytingu á símsvörun á skrifstofu þar sem Upplýsingamiðstöð HH getur ekki lengur sinnt þessu verkefni. Ákveðið var að rýna símtöl eftir hádegi næstu vikuna og ræða málið áfram.

8. Sérnam hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra

Upplýst var að fyrstu ljósmæðurnar sem hafa verið í sérfræðinámi hjá HH séu komnar með sérfræðileyfi.

9. Þekkingarvefur Heilsuveru

Rætt var um yfirfærslu verkefna tengt þekkingarvef Heilsuveru frá Upplýsingamiðstöð til Þróunarmiðstöðvar Íslenskrar heilsugæslu.

10. Þjónustusamningur við Helix

Umræður um hvort gera eigi þjónustusamning við Helix um vinnslu á afgreiðslu- og skráningarkerfi ásamt vefbókunarkerfi. Kerfunum er ætlað að auka skilvirkni og öryggi ásamt því að einfalda starfsemina. Ákveðið var að kynna málið fyrir Stafrænni heilsu og vinna það áfram innan HH í kjölfarið.

11. Stofnanasamningur við Sjúkraliðafélagið

Rætt var um stöðu vinnu við gerð stofnanasamnings við Sjúkraliðafélags Íslands, sem er á loka metrunum.

12. Stefnumótunarvinna

Fjallað var um stefnumótunarvinnu fyrir HH á vormánuðum. Ákveðið var að skilgreina verkefnið, ræða væntingar fyrir vinnuna og koma með tillögur að verklagi.

13. Sjálfbærnistefna

Rætt var um vinnu við sjálfbærnistefnu fyrir HH. Lagt var til að mótaður verði óformlegur hópur innan stofnunarinnar sem hefur áhuga og þekkingu á sjálfbærnimálum til að setja fram stefnu og aðgerðaáætlun í sjálfbærni. Hugmyndirnar verða kynntar á starfsmannafundi skrifstofu á morgun.

14. Mannauðssvið

Farið var yfir verkefni mannauðssviðs á næstu vikum. Sviðið ætlar að móta starfsáætlun fyrir 2026 fyrir lok mánaðarins. Þá mun KBM funda með mannauðsskrifstofu fjármálaráðuneytisins og mannauðsstjóra Landspítalans til að kanna flöt á samstarfi um ýmis mál.

15. Verkefnin framundan

Rætt var um stöðu mála sem voru í vinnslu hjá framkvæmdastjórn á síðasta ári. Ákveðið var að ljúka vinnu við nýtt skipurit á næstu vikum. Þá var rætt um stöðuna í Heilsugæslunni Efra-Breiðholti, en skortur á læknum hefur haft áhrif á starfsemina. Einnig var rætt um áframhaldandi vinnu tengt persónuverndarmálum hjá stofnuninni.

16. Kjarasamningar lækna

Umræður um eftirfylgni með kjarasamningi lækna. Fara þarf yfir drög að nýrri handbók þar sem vinna lækna út er skipulögð út frá samningnum og samþykkja hana formlega þegar þeirri yfirferð er lokið.

Aðgerðir og verkefni

- Vinna þarf áfram að ýmsum húsnæðismálum, sjá lið 4.
Ábyrgð: HÞ
- Stofna þarf LinkedIn síðu fyrir HH, sjá lið 5.
Ábyrgð: BJ
- Uppfæra þarf upphæðir og annað tengt hlunnindum, sjá lið 6.
Ábyrgð: KBM
- Vinna þarf yfirlit yfir símtöl á skrifstofu HH, sjá lið 7.
Ábyrgð: KBM
- Kynna þarf yfirfærslu verkefna tengt Heilsuveru til Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu, sjá lið 9.
Ábyrgð: SDM
- Kynna þarf þjónustusamning við Helix fyrir Stafrænni heilsu, sjá lið 10.
Ábyrgð: SDM
- Ljúka þarf gerð stofnanasamnings við Sjúkraliðafélag Íslands, sjá lið 11.
Ábyrgð: KBM, RÓE
- Undirbúa þarf stefnumótunarvinnu fyrir næstu mánuði, sjá lið 12.
Ábyrgð: KBM
- Kynna þarf hugmyndir að vinnu við sjálfbærnistefnu á starfsmannafundi og stofna óformlegan hóp, sjá lið 13.
Ábyrgð: KBM
- Halda þarf áfram vinnu við starfsáætlun mannauðssviðs fyrir árið 2026, sjá lið 14.
Ábyrgð: KBM
- Fara þarf yfir drög að handbók, sjá lið 16.
Ábyrgð: SDM, NSK, HÞ, RÓE, ÍDH, KBM

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:25.